

**Ed.**

**656. Frumvarp til laga**

[403. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknari getur kveðið svo á, að rannsókn máls og meðferð, annað hvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík eða annars staðar á landinu, þar sem honum þykir best við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lög-sagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið. Mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skulu að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík.

4. mgr. 5. gr. orðist svo:

Dómur getur kvatt einn eða tvo kunnáttumenn til dómsstarfa með sér í málum, þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf. Sitji tveir menn í dómi og ágreiningur verður á milli þeirra ræður atkvæði dómsformanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Þann 8. febrúar 1985 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögur um hraðari og skilvirkari meðferð skatta- og efnahagsbrota í dómskerfinu.

Í nefndinni áttu sæti: Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Þórður Björnsson, ríkissaksóknari, Gunnlaugur Briem, yfirsakadómari, Hallvarður Einvarðsson, rannsóknarlögreglustjóri og Garðar Valdimarsson, skattrannsóknarstjóri. Ritari nefndarinnar var Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri.

Nefndinni var ætlað að hraða störfum og skila álitum síðar en 1. mars 1985. Hefur hún því orðið að takmarka tillögur sínar um hraðari meðferð mála við breytingar, sem unnt er að láta koma þegar til framkvæmda.

Með hliðsjón af framansögðu eru tillögur nefndarinnar eftirfarandi:

1. Að ráðinn verði einn lögfræðingur til embættis ríkissaksóknara og að einn saksóknari þar hafi það sem forgangsverkefni að annast ætluð skatta- og efnahagsbrot og hafa á hendi sókn í stærri málum fyrir sakadómi.
2. Að dómurum við sakadóm Reykjavíkur verði fjölgað um 2 vegna skatta- og efnahagsbrota og að lögð verði áhersla á að dómara þeir sem falin er meðferð mála út af ætluðum skatta- og efnahagsbrotum, hafi eða öðlist æfingu og reynslu í slíkum málum.
3. Að hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins verði stofnuð sérstök deild sem rannsaki skatta- og efnahagsbrot. Að ráðnir verði 4 rannsóknarlögreglumenn til RLR vegna þessara mála. Að í framangreinda deild verði skipaðir 2 lögreglufulltrúar.
4. Að lagt verði fyrir Alþingi meðfylgjandi frumvarp um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála sem felur í sér:
  - A. Að meðdómandi geti verið 1.
  - B. Að umfangsmikil og vandasöm mál vegna skatta- og efnahagsbrota verði að jafnaði rekin fyrir sakadómi Reykjavíkur.
5. Að nú þegar verði ráðinn sérfróður maður í skatta- og efnahagsbrotum er starfi sem ráðunautur í þágu RLR og ríkissaksóknara.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á 1. og 4. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Í fyrsta lagi er lagt til að 1. mgr. verði breytt á þann veg að mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skuli að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík. Tilgangurinn með því að stefna þessum málum fyrir sakadóm Reykjavíkur er að við eflingu hans geti meðferð mála þar orðið hraðvirkari og skilvirkari en annars staðar á landinu. Skatta- og efnahagsbrot eru oft mjög flókin og margþætt og eigi á annara færi að fjalla um þau og dæma en þeirra, sem fengið hafa mikla æfingu og reynslu í meðferð slíkra mála. Sérhæfing dómenda er grundvallaratriði ef takast á við flókin skatta- og efnahagsbrot.

Í öðru lagi er lagt til að 4. mgr. verði breytt þannig að heimilt verði að kveðja til einn sérfróðan meðdómanda í stað tveggja, sem nú er skylda ef kvaddir eru til sérfræðingar. Tveggja manna dómur ætti að nægja í mörgum málum og meðferð máls í slíkum dómi er einfaldari en í dómi skipuðum þremur mönnum. Lagt er til að þegar tveir menn skipa dóm ráði atkvæði dómsformanns ef ágreiningur verður. Þetta fyrirkomulag um einn meðdóm- anda gildi áður í verðlagsdómi og þótti gefast vel.